



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 11. desember 2006

Ákvörðun nr. 46/2006

Kaup DM ehf. á Dreifingarmiðstöðinni ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Aðdragandi máls þessa er að með bréfi, dags. 27. apríl 2006, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Pennans hf. (Penninn) á annars vegar Bókaverslun Jónasar Tómassonar (BJT) á Ísafirði og hins vegar Bókaversluninni Andrés Níelsson (BAN) á Akranesi. Við rannsókn þess máls kom í ljós að eigendur Pennans komu einnig með einum eða öðrum hætti að DM ehf. (DM), fyrirtæki í eigu Tírufjárfestingar ehf. (Tíra), sem sér um rekstur vöruhúss og vörudreifingu m.a. á bókum og ritföngum. Í framhaldinu var því ákveðið að funda með lögmönnum aðila vegna málsins og kanna frekar eignarhald Pennans og tengsl fyrirtækisins við DM.

Við rannsókn málsins kom í ljós að eigendur Pennans væru Tíra, Samos hf. (Samos), Estrelle Holdings (Estrelle), KB Lux og loks væri um að ræða eftirstandandi hlut Pennans. Að mati Samkeppniseftirlitsins voru aðilar að baki félögunum Tíru, Samos og Estrelle mikið tengdir, hvort sem litið væri á skyldleika, vináttu eða sameiginlega viðskiptalega hagsmuni. Taldi Samkeppniseftirlitið tengsl þessara aðila leiða til þess að Tíra, Samos og Estrelle hefðu sameiginlega viðskiptalega eða fjárhagslega hagsmuni af eignarhaldi sínu á Pennanum umfram það sem fælist í því að vera einungis hluthafar í sama félagi. Í þessu sambandi var bent á að í samkeppnisrétti væri miðað við að sameiginleg yfirráð gætu m.a. grundvallast á því að viðkomandi aðilar, sem eignuðust hlut í tilteknu fyrirtæki, hefðu sameiginlega viðskiptalega eða fjárhagslega hagsmuni. Að framangreindu virtu taldi Samkeppniseftirlitið að Tíra, Samos og Estrelle færu sameiginlega með yfirráð yfir Pennanum.

Í ljósi ofanritaðs taldi Samkeppniseftirlitið að samrunaskrárnar vegna kaupa Pennans á BJT og BAN væru ófullnægjandi í veigamiklum atriðum, sbr. 2. mgr. 8. gr. reglna nr. 881/2005, þar sem í engu var getið um DM og hvernig eignarhaldi á fyrirtækinu væri háttað. Samkeppniseftirlitinu var kunnugt um að DM sæi að nokkru um birgðahald, afgreiðslu, dreifingu og innheimtu reikninga fyrir viðskiptavinum sína, þ.e.a.s. Pennann og tiltekin bókaforlög. Þessa þjónustu, þ.e. afgreiðslu, dreifingu og innheimtu, innti DM af hendi gagnvart m.a. bókabúðum, keppinautum Pennans. Í ljósi þess taldi Samkeppniseftirlitið að ekki væri unnt að líta fram hjá því að með eignarhaldi á DM væri eigendum fyrirtækisins, sem eins og áður segir færu með yfirráð í Pennanum, kleift að nálgast mikilvægar viðskiptaupplýsingar um keppinauta Pennans.



Með vísan til framangreinds taldi Samkeppniseftirlitið ennfremur að kaup DM á rekstri Dreifingarmiðstöðvarinnar ehf. í desembermánuði 2005 hefðu verið tilkynningarskyld þar sem Tíra færi sameiginlega með öðrum með yferráð yfir Pennanum.

Í framhaldinu bárust Samkeppniseftirlitinu loks fullnægjandi samrunaskrár þann 15. ágúst 2006. Þann 12. september 2006 var bréf sent fulltrúa Pennans og DM þar sem fram kom að Samkeppniseftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum af þeim viðskiptum sem samrunarnir hefðu í för með sér, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 22. nóvember 2006 var andmælaskjal eftirlitsins sent málsaðilum og þeim gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum og skýringum. Athugasemdir málsaðila bárust Samkeppniseftirlitinu með bréfum, dags. 1. og 6. desember 2006. Skýringar samrunaaðila hafa einnig komið fram á fundum þeirra með fulltrúum Samkeppniseftirlitsins. Þá hafa fulltrúar Samkeppniseftirlitsins átt viðtöl og aflað upplýsinga á annan hátt frá ýmsum aðilum á markaðnum, s.s. keppinautum, viðskiptavinum o.fl.

II.

Niðurstöður

Í máli þessu er um að ræða samruna, í skilningi samkeppnislaga, dreifingarfyrtækisins DM, sem sinnir bóka- ritfanga-, tímarita- og skrifstofuvörumarkaði, og Pennans, heildsölu- og smásölufyrtækis sem selur bækur, tímarit, ritföng og skrifstofuvörur. Samruni þessi átti sér stað þegar DM, fyrirtæki í eigu Tíru, keypti vöruhúsarekstur Dreifingarmiðstöðvarinnar í desembermánuði 2005, eins og að ofan er rakið.

Í kjölfar rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans er það mat Samkeppniseftirlitsins að tilefni sé til íhlutunar vegna hans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga. Með hliðsjón af þessu mati Samkeppniseftirlitsins hafa átt sér stað viðræður á milli Samkeppniseftirlitsins og samrunaaðila og hafa viðræðurnar leitt til sáttar á milli aðila, sbr. 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Sáttin felur í sér að samrunaaðilar hlýti þeim skilyrðum sem fram koma í eftirfarandi ákvörðunarorði.

Ákvörðunarorð:

„Með samningi, dags. 1. desember 2005 keypti DM ehf. vöruhúsarekstur Dreifingarmiðstöðvarinnar ehf. Samkeppniseftirlitið telur að samningurinn feli í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Það er mat eftirlitsins að samruninn hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Með heimild í 17. gr. laganna og til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni eru eftirfarandi skilyrði sett:



1. gr.

Stjórnarmenn og starfsmenn Pennans hf. skulu ekki sitja í stjórn og varastjórn DM ehf. Á sama hátt er stjórnarmönnum og starfsmönnum DM ehf. óheimilt að sitja í stjórn og varastjórn Pennans hf. Hið sama gildir um þá sem eru makar umræddra starfsmanna, skyldir þeim eða mægðir í beinan legg eða systkini þeirra.

2. gr.

Stjórnarmönnum og starfsmönnum DM ehf. er óheimilt að veita stjórnarmönnum og starfsmönnum Pennans hf. hvers konar viðskiptalegar upplýsingar sem stafa beint eða óbeint frá viðskiptavinum DM ehf. Til viðskiptalegra upplýsinga teljist m.a. upplýsingar um vörur viðskiptavina DM ehf., upplýsingar um dreifingu þeirra, magn, tíðni sendinga, aðra þjónustu við viðskiptavinina, verð á þeirri þjónustu sem þeim er látin í té og önnur viðskiptakjör.

3. gr.

Stjórnarmenn og starfsmenn DM ehf. skulu undirrita yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu gagnvart stjórnarmönnum og starfsmönnum Pennans hf. varðandi hvers konar viðskiptalegar upplýsingar sem þeir verða áskynja um og stafa beint eða óbeint frá viðskiptavinum DM ehf. Skulu afrit þessara yfirlýsinga send Samkeppniseftirlitinu.

4. gr.

DM ehf. er skylt að veita öðrum fyrirtækjum, s.s. bókaútgefendum og heildsölum á sviði ritfanga og skrifstofuvara, sem þess óska og uppfylla málefnaleg skilyrði, sömu þjónustu og Penninn hf. nýtur og með sambærilegum kjörum. Í þessu felst t.d. að DM ehf. er óheimilt að láta verslanir Pennans ehf. njóta forgangs við afhendingu á bókum eða öðrum vörum sem DM ehf. dreifir.

5. gr.

Verð og viðskiptakjör DM ehf. skulu vera almenn, gagnsæ og hlutlæg þannig að aðilar sem eiga í sams konar viðskiptum við félagið njóti sambærilegra kjara. Þá skal gjaldskrá DM ehf. þar sem fram koma upplýsingar um verð og viðskiptakjör vera opinber og öllum aðgengileg.

6. gr.

DM ehf. er óheimilt að semja um eða hafa hvers konar afskipti af verðlagningu og viðskiptakjörum hjá viðskiptavinum sínum eða hjá þeim aðilum sem DM ehf. dreifir vörum til.



7. gr.

DM ehf. er óheimilt að sinna innheimtu reikninga fyrir þá aðila sem þeir dreifa bókum og tímaritum fyrir. Þetta ákvæði tekur gildi í síðasta lagi 1. mars 2007.

8. gr.

DM ehf. skal kynna ákvörðun þessa og hvað í henni felst fyrir starfsmönnum sínum, eigendum, stjórnarmönnum og viðskiptavinum. Þá skal DM ehf. upplýsa Samkeppniseftirlitið um framkvæmd á ákvörðun þessari innan tveggja mánaða frá birtingu hennar.

Brot á skilyrðum sem sett eru í ákvörðun þessari varða viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga."

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson